



Lagt fyrir 386.Fund Velferðarráðs Reykjaneshæjar 8. apríl 2020

Greinargerð

Viðtakandi: Velferðarráð Reykjaneshæjar

Sendandi: María Gunnarsdóttir, staðgengill sviðsstjóra velferðarsviðs

Efni: Ævintýrasmiðjur – Sumarúrræði fyrir börn og ungmenni með fötlun

Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langavarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 kemur fram í 16. gr að sveitarfélag skuli bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu. Reykjaneshæjar hefur boðið fötluðum börnum og ungmennum upp á sumarúrræði í Öspinni. Á síðasta ári eða á endurbótum Asparinnar stóð fluttist þessi frístundaþjónusta í 88 húsið en í ár er í undirbúningi að hafa frístundaþjónustu við börn og ungmenni með fötlun á báðum stöðum og hefur úrræðið fengið heitið Ævintýrasmiðjur.

Eftirspurn eftir frístundaúrræði fyrir börn og ungmenni með fötlun jókst verulega á árinu 2019 frá því árinu á undan, en þá nýttu 14 börn úrræðið. Á árinu 2019 voru 31 barn sem nýttu sér úrræðið frá aldrinum 6-18 ára. Í ár hafa foreldrar 44 barna óskað eftir þessu úrræði sem töluverð aukning frá árinu 2019 eða alls 13 börn á milli ára. Í fjárhagsáætlun Velferðarsviðs er gert ráð fyrir að meðaltali um 7 stöðugildum eða 13 starfsmönnum en stöðugildin dreifðust mismunandi á sumarmánuðina.

Til að hægt verði að sinna eftirspurn og að vel megi sinna þessu mikilvæga og spennandi verkefni þá er talið heppilegra að skipta hópnum upp því þarfir hópsins er mismunandi eftir aldri barnanna. Lagt er til að starfandi verði fjórar smiðju og þeim skipt upp með eftirfarandi hætti;

- börn í 1-5. bekk verði í Öspinni og Holtaskóla
- ungmenni í 6-7. bekk verði á eftir hæð í 88 Húsinu og
- ungmenni í 8-10. bekk verði í 88 húsinu og Vinnuskólanum

Til að þetta gangi upp þá er lagt til að það verði þrjú umsjónarmenn sem haldi utan um starfið, hver á sinni starfsstöð og alls verðir 21 starfsmenn, 12 í Holtaskóla og Björkinni og 9 starfsmenn í 88 húsinu.

Fjölgun starfa verði mætt í gegnum atvinnuáttaksverkefni sveitarfélagsins með hugsanlegri aðkomu ríkisins/Vinnumálastofnunar.

Þar sem frístundaþjónusta við fötluð börn og ungmenni er lögum skv. ætlað sem sumarúrræði fyrir aldurshópin fram að lokum framhaldsskóla og Vinnuskólinn greiðir eingöngu laun til 18 ára aldurs þarf að finna lausn á greiðslu launa fyrir þann hóp sem er á 19 ári og lagt til að það verði gert af sama lykli og sumarúrræði annarra starfsmanna sveitarfélagsins 18 ára og eldri.